

Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

11. maí 2015

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um landsskiplagsstefnu 2015-2026, 698. mál

Í upphafi vill Samorka þakka fyrir veittan frest til að skila inn umsögn um málið, en farist hafði fyrir að senda samtökunum málið til umsagnar. Ferli vinnu við gerð landsskiplagsstefnu hefur nú spannað nokkur ár og hefur Samorka skilað inn all nokkrum umsögnum til Skipulagsstofnunar um mismunandi drög á þeim tíma. Að mati samtakanna felur sú tillaga sem nú er lögð fram á Alþingi að flestu leyti í sér ágætt jafnvægi milli mismunandi sjónarmiða og áherslna sem fram hafa komið í þessu langa ferli. Ekki síst vill Samorka fagna því að nú skuli samkeppnishæfni vera komin til sögunnar sem eitt grundvallarmarkmiða með stefnunni, en Samorka hefur áður – líkt og Samtök atvinnulífsins o.fl. – lagt áherslu á mikilvægi þess að stefnan endurspeglaði m.a. að í landinu býr fólk og að þar þurfi að þrífast öflugt atvinnulíf og traustir innviðir og grunnkerfi.

Þá fagnar Samorka því að frá síðustu drögum hefur nú verið bætt inn mikilvægum ákvæðum um flutningskerfi raforku, sbr. kafla 2.5 og 2.5.1. Umfjöllun um mikilvægi öruggar afhendingar raforku ætti þó að mati Samorku að hafa sambærilegt vægi og umfjöllun um aðra nauðsynlega innviði á borð við samgöngur og fjarskipti. Öruggr afhending raforku er lífæð hvers nútíma samfélags.

Víðerni ekki skilgreind

Hugtakið víðerni kemur mjög víða fyrir í texta tillögunnar. Það er hins vegar ekki skilgreint. Þvert á móti þá er, í grein 1.1.4, starfsfólki Skipulagsstofnunar og Umhverfisstofnunar falið að „ákveða viðmið fyrir mat á umfangi víðerna út frá skipulagssjónarmiðum...“. Samorka gerir athugasemd við þetta fyrirkomulag og taka samtökin undir með umsögn Landsnets þar sem lagt er til að stuðst verði við skilgreiningu náttúruverndarlaga. Hugtakið víðerni hefur mikið vægi í tillögunni og því nauðsynlegt að skilgreining þess liggi fyrir með skýrum hætti.

Ætlað að samþætta áætlanir, eftir því sem við á

Talsvert er fjallað um orkunýtingu og flutning og dreifingu raforku í tillögunni, í mismunandi samhengi. Almennt er að mati Samorku mikilvægt að haft sé hugfast að

ákvarðanir um virkjanir og lagningu loftlína eða jarðstrengja verða ávallt teknar í vönduðum stjórnsýsluferlum á borð við rammaáætlun, kerfisáætlun og hefðbundin umhverfismats- og skipulagsferli. Skv. 2. mgr. 10. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru í landsskipulagsstefnu sambættar áætlanir opinberra aðila um samgöngur, byggðamál, náttúruvernd, orkunýtingu og aðra málaflokka er varða landnotkun.

Í gildandi stefnu um svæðisskipulag á miðhálandi Íslands er fjallað um svokölluð mannvirkjabelti, þar sem m.a. er gert ráð fyrir háspennulínu yfir Sprengisand, líkt og í gildandi svæðisskipulagi þeirra sveitarfélaga sem málið varðar. Umfjöllun um mismunandi leiðir til eflingar flutningskerfis raforku á sér nú sem fyrr segir stað í lögbundnum umhverfismatsferlum og í samhengi kerfisáætlunar. Í grein 1.4.1 er hins vegar lögð áhersla á að svokallaðri meiriháttar mannvirkjagerð verði beint að stöðum sem rýra ekki víðerni eða landslagsheildir hálandisins. Þegar hefur komið fram að hugtakið víðerni er ekki skilgreint í tillögunni. Samorka tekur því undir ábendingu Landsnets þess efnis að þarna ætti að vísa til fyrrnefndra mannvirkjabelta og að uppbyggingu sé beint inn á slík svæði eins og kostur er, og koma þannig til móts við gildandi skipulagsáætlanir á bæði svæðis- og aðalskipulagsstigi líkt og ber að gera.

Að mati Samorku er því rétt að minna á að landsskipulagsstefna gengur ekki framar niðurstöðum áætlana á borð við rammaáætlun og kerfisáætlun, heldur er henni ætlað að sambætta þær og fleiri slíkar eftir því sem við á og er sveitarfélögum síðan ætlað að taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana, en rökstyðja ef þau kjósa að gera það ekki. Í því langa og víðtæka samráðsferli sem nú er að baki við mótun landsskipulagsstefnu hefur stundum borið á tilhneigingu til að umgangast stefnuna sem einhvers konar sjálfstæða áætlun um náttúruvernd, sem engan veginn á við enda má segja að nú þegar séu tvær slíkar til staðar héraðs (náttúruverndaráætlun og áætlun um vernd og orkunýtingu landssvæða – rammaáætlun).

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,



Guðstaf Adolf Skúlason
framkvæmdastjóri